

Guðný Ýr Jónsdóttir

Gauragangur

eftir Ólaf Hauk Símonarson

Kennsluleiðbeiningar

NÁMSGAGNASTOFNUN
MÁL OG MENNING
Reykjavík 1994

Um höfundinn

Ólafur Haukur Símonarson fæddist í Reykjavík 24. ágúst 1947. Hann er fjölhæfur rithöfundur sem skrifar bæði fyrir börn og fullorðna. Hann hefur ort ljóð og dægurlagatexta, samið skáldsögu og leikrit, fengist við þýðingar og skrifað kvíkmyndahandrit. Meðal verka hans fyrir börn og unglings eru leikritin *Blái fíllinn* (1973), *Ástin sigrar* (1985), *Kötturinn sem fór sínar eigin leiðir* (1985), söngleikurinn *Grettir* (áamt Agli Ólafssyni og Þórarni Eldjárn, 1980) og sjónvarpsleikritin *Krakkarnir i Kringlugötu* (1973) og *Hattur og Fattur* (1978). Af barnabókum sem Ólafur Haukur hefur þytt má nefna *Véröld Busters* eftir Bjarne Reuter. Fyrir þá þýðingu hlaut hann verðlaun Fræðsluráðs árið 1983. Kvíkmyndin *Ryð* var gerð árið 1990 eftir leikritinu *Bílaverkstæði Badda*.

Ólafur fjallar oft um samskipti unglings og fullorðinna í verkum sínum. Margir nemendur munu þekkja smásögurnar *Ljón á Vesturgötunni*, sem er í lesörkinni *Hlýddu og vertu góð(ur)* og *Brot*, sem birtist í Smásagnasafni Samtaka móðurmálskennara og Máls og menningar, *Vertu ekki með svona blá augu*.

Um söguna

Gauragangur kom fyrst út hjá Máli og menningu árið 1988. Sagan kom út hjá forlagi danskra móðurmálskennara, Amanda, árið 1992, í prýdilegri þýðingu Eriks Skyum-Nielsen. Bókin kom loks út hjá Íslenska kiljuklúbbnum, Uglunni, árið 1993.

Gauragangur, leikrit með söngvum, fór á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu á útmánuðum 1994 og hlaut fáðæma vinsældir. Hljómsveitin Nýðönsk samdi og sá um tónlistina, sem hefur komið út á geisladiski og hljóðsnældu.

Sjálfstætt framhald af sögunni, *Meiri gauragangur*, kom út árið 1991.

Útgáfa á *Gauragangi* á sánsku og þýsku er í undirbúningi.

Pabbi er einsog hann er, það eru allir einsog þeir eru. Flestir á þessum aldri eru fífl. (14)

Það er allt í lagi að vera lifandi. En það er líka áreiðanlega allt í lagi að vera dauður. (14)

Er hægt að sökkva dýpra en verða Íslandsmeistari í handbolta! (18)

Fátt er skáldum jafnhollt og fyrirlitning plebbanna. (98)

Fólk er ekki jafn vitlaust og það lítur út fyrir að vera, það er vitlausara. (146)

Foreldrar hafa aldrei skilið snillinga. (247)

Ormur Óðinsson

Söguþráður

Áður en hin eiginlega saga hefst gerir „höfundur“ sögunnar grein fyrir sér. Ormur Óðinsson er nýlega sautján ára. Hann fer á eyðibýli þar sem hann ætlar að festa á blað sögu um það sem fyrir hann kom veturninn áður.

Sagan hefst í miðjum klíðum á fundi í skemmtinefnd sem á að sjá um jóлaskemmtun í Holtaskólanum. Strax kemur í ljós að Ormur og Ranúr, vinur hans, falla ekki inn í hópinn og gera allt til að fá kennara og nemendur upp á móti sér. Kynning aðstæðna Orms kemur smám saman. Ormur býr með móður sinni og systkinum í gömlu timburhúsi við Holtatorgið. Foreldrar hans skildu fyrir mörgum árum. Ormur saknar föður síns og er uppsig-að bæði við Fannýju, konu hans, og Magnús, vin móður sinnar. Hann er haldinn sívaxandi þunglyndi og hugleiðir að stytta sér aldur fremur „en koðna niður í HELVÍTI meðalmennskunnar“ (17). Ormur telur sig misskilinn snilling og á í sífelldum útistöðum við umhverfið. „Eiginlega hafði ég ofnæmi fyrir öllum sköpuðum hlutum. Einkum þó foreldrum mínum, systkinum, kennurum og skólabókum.“ (18–19).

Ormur þolir ekki skólann sem hann telur að hafi slæm áhrif á sálarlíf snillinga. Honum er í nöp við kennarana, í augum hans eru þeir „kassahausr“ (26), „varðhundar kennaraveldisins“ (135) og „mordíngjar skólakerfisins“ (150). Fæstir bekkjarfélöganna eiga upp á pallborðið hjá Ormi en hann er ástfanginn af Lindu og bestu vinir hans, Ranúr og Halla eru í bekknum. Þau þrjú eru félagar í hinum ofurraunsæishneigða skáldahópi *Bomsunni*, sem gefur út *Barngóða hrægamminn* með ljóðum Orms og myndum Ranúrs.

Í samskiptum við Hreiðar gamla í kjallaranum getur Ormur verið eðlilegur og einlægur og þarf ekki að vera í „töffaragervinu“ sem hann hefur komið sér upp. En Hreiðar veikist alvarlega og þarf Ormur að takast á við óttann sem er fylgifiskur sjúkdómsins.

Jólin nálgast, jólaleyfi í skólanum og allir í önnum við undirbúning hátíðarinnar. Ormur og Ranúr stela jölagjöfum án þess að fá minnsta sámviskubit því að þeim „finnst sjálfsagt að fátæklingarnir sjái sjálfir um að skattleggja verslunarauðvaldið“ (157). Eftir

jólahátíð í faðmi fjölskyldunnar fer Ormur með skólafélögum sínum í sumarbústað, þar sem hann fær þá ósk sína uppfyllta að sofa hjá Lindu. En hann er ekki ábyrgur rekkjunautur, notar ekki verjur, svo Linda rekur hann burt. Á gamlárskvöld er Ormur einn að gæta Ása. Litli bróðirinn leysir úr læðingi djúpar tilfinningar Orms sem hann er ófær um að sýna öðrum.

Í febrúar eru samræmdu prófin. Ormur stelur prófunum til að hjálpa Ranúr sem er lesblindur og í fallhættu. Á sama tíma segir Linda honum að hún sé ólétt. Þegar upp komst um stuldinn á prófunum var það meira en Ormur þoldi. Hann sagði skilið við skólann og fór til sjós með Magnúsi. Karlarnir á bátnum tóku Ormi vel og líkamleg erfðisvinna gerði honum gott. „Í fyrsta sinn í lángan tíma leið mér ágætlega.“ „Í fyrsta sinn í lángan tíma sofnæði ég örþreyttur.“ (230)

Ormur lærir og þroskast ört á þessum tíma. Hann sér fjölskylduna í öðru ljósi við að fara burt:

Að vísu var það hryllilega væmið, en engu að síður satt:
ég táraðist afþví ég átti heima þarna, afþví mér þótti
vænt um Brand, afþví ég elskaði Ása, afþví ég hlakkaði
til að sjá þrjóskusvipinn á Hallfreði, afþví mig lángaði
tilað tuskast við systur mína og finna af henni ilminn,
afþví ég vissi að mamma hugsaði svo margt fleira en
hún sagði; það var af þessum ástæðum öllum sem tárin
runnu niður andlitið á mér. (237)

Hann þarf að horfast í augu við að Linda ætlar í fóstureyðingu og sætta sig við dauða Hreiðars.

Í sögulok er Ormur sáttur við sjálfan sig. Hann ákveður að fara í sjúkrapróf að hausti, *Lesbók Morgunblaðsins* birtir eftir hann ljóð og hann gerir sér grein fyrir að það er Halla sem hann elskar þó að hún sé feit og ekki dæmigerð fegurðardís.

Lesandinn veit að Ormur náði settu marki. Sagan hans, *Gauragangur*, er sönnun þess.

Sögusvið: sjónarhorn – tími – umhverfi – bygging

Sagan er sögð í fyrstu persónu. Ormur Óðinsson skrifar sögu um það sem fyrir hann kom veturinn áður. Hann er sögumaður og jafnframt aðalpersóna og er sagan sögð út frá sjónarhorni hans. Sagan gerist í Reykjavík á fáeinum vikum um 1980 (samræmd próf voru í febrúar árin 1980–1984). Í lýsingu á borginni er blandað saman raunverulegu umhverfi og ímynduðu: Ormur býr við Holtatorgið, er í Holtaskóla, gengur Laugaveginn og fer á Borgina og Skalla. Lýsingar á íslensku samfélagi fléttast inn í frásögnina; hjónaskilnaðir, drykkjuskapur unglings og fullorðinna, ofbeldi á heimilum, dæmigerð menningarleg heimili og stöðutáknin koma við sögu svo að dæmi séu tekin.

Sögunni er skipt í 73 stutta kafla. Atburðir eru í tímaröð en það getur verið erfitt fyrir nemendur að átta sig á sögutímanum, þ. e. þeim tíma sem líður innan sögunnar, vegna þess hve teygist úr tímanum. Sem dæmi má taka fundinn í skemmtinefndinni í 1. kafla, að honum er næst vikið í 31. kafla og ritgerðinni sem Ormur lýkur í 19. kafla byrjaði hann á í 7. kafla. Einn dagur getur þannig spennað allt að tíu kafla.

Lauslegt yfirlit getur hjálpað nemendum á að glöggva sig á sögutímanum:

desember

- kaflar 1–37. Nokkrir dagar í lífi Orms skömmu fyrir jól.
- kaflar 38–55. Jólafrí, jól og áramót.

febrúar

- kaflar 56–61. Samræmd próf og vandræði sem steðja að.
- kaflar 62–68. Ormur hættir í skóla, nokkrir dagar á sjó.
- kaflar 69–73. Lausir enda hnýttir. Sögulok.

Persónur

Aðalpersónan *Ormur Óðinsson* er sextán ára, einkennilegt sambland af gaur og snillingi, barni og fullorðnum. Hann hefur frjótt ímyndunarafl og er fljúgandi mælskur (sjá t. d. ævintýrið sem hann spinnur upp í kennslustund í skólanum, 27). Á yfirborðinu er hann hrjúfur og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna og dylur með ólíkindalátum viðkvæmni og næmar tilfinningar. Jafnvel stulkunum sem laðast að honum er stundum nóg boðið.

Halla: „Er ekki hægt að tala við þig í alvöru Ormur?
„Afhverju geturðu aldrei verið einlægur Ormur?“ (62)

Linda: „Þú þarf ekki alltaf að segja eitthvað, Ormur.“ (99)

„Æ, hann er alltaf að reyna að vera fyndinn.“ (106)

„Mér finnst þú skemmtilegri þegar þú talar í einlægni
Ormur.“

— „Þú talar svo mikið Ormur.“ (123)

Ormur er skáld, en skáldskapur hans er lítils metinn. Bókaútgefendur höfnuðu ljóðabók hans *Svartsýna ljósastaurnum*, kennarar hans kunna ekki að meta skáldskapinn og jafnvel móðir hans ber ekki skyn á ljóðin, finnst þau sem lýsa myrkri og angist sálarinnar „þónokkuð skemmtileg“. Ormur er í stöðugri uppreisn gegn samfélaginu og fylgir ekki leikreglum þess. Hann er fyrirferðarmikil persóna og fylgir honum órói og — líf. Sjálfur ségist hann vera „... klaufabárðurinn Ormur Óðinsson, sá sem aldrei vissi í hvorn fótinn hann átti að stíga, hvort hann átti að standa kyrr eða hlaupa, hlæja eða gráta“ (256). Samskipti Orms við aðrar persónur varpa ljósi á allar hliðar hans og draga fram kosti hans og galla. Höfundinum er lagið að lýsa án þess að segja of mikið, þannig fær lesandin að kynnast persónunum af orðum þeirra og gerðum.

Faðir Orms er tónlistarmaður. Þeim feðgum þykir vænt hvorum um annan þó að þeir séu ófærir um að láta tilfinningar sínar í ljós. Þeir voru nánir en „svo hættum við að fara í gönguferðir og hann þagnaði, og svo fór hann að horfa öðruvísi á okkur og einn góðan veðurdag var hann á bak og burt.“ (130) segir Ormur. Ormur saknar föður síns og þeirra tíma þegar fjölskyldan var saman. Hann fær útrás fyrir gremjuna og sárindin með því að hnupla bjór og víni frá föður sínum, sníkja af honum og ganga fram af Fannýju, konu hans, sem tókst aldrei að sjá innúr skrápnum á Ormi.

Móðir Orms vinnur á veitingahúsi. Hún er góð kona, heiðarleg og samviskusöm með ríka réttlætiskennd. Hún ber umhyggju fyrir fjölskyldu og vinum en dylur sínar eigin tilfinningar. „Ef til vill var hún að hugsa um pabba. Ellegar um það hvað lífið er mikið japl og jaml og fuður. Ég sá ekki inní hausinn á henni. Ég vissi að þar voru mörg lítil hólf sem mér var ekki ætlað að sjá inní. Sem kannski enginn fengi nokkrusinni að sjá inní framar.“ (68)

Hallfreður, eldri bróðirinn, er ákaflega ólíkur Ormi. Hann er íþróttamaður sem hvorki reykir né drekkur, samviskusamur stúdent sem les námsbækurnar af kostgæfni. Í augum Orms er hann „hálfgerður drumbur“ (73). Hallfreður er hæglátur, leiðir hjá sér rifrildi systkinanna, en gerir gott úr þegar Ormur gengur of langt. Hann hefur ekki talað við föður sinn eftir að hann fór.

Gunnfríður, systirin, er ári eldri en Ormur. Þau eru eins og hundur og köttur, sífellt að stympast og rífast. Undir niðri eru þau samt góð systkin. Gunnfríður leitar til Orms, þegar hún á erfitt. Hún kann að meta skáldskap hans og kemur honum á framfæri.

Ási, litli bróðirinn, er líttill hrekkjalómur sem með einlægni sinni dregur fram það besta í Ormi.

Magnús er uppgjafasjómaður sem er að gera hosur sínar grænar fyrir móður Orms. Hann hefur verið óheppinn í lífinu og drekkur of mikið. Hann er ó öruggur gagnvart Ormi sem situr um að

niðurlægja hann og flæmir hann að lokum burt. Magnúsi finnst í raun vænt um fjölskylduna og er einmana án hennar. Á sjónum er hann í sínu rétta umhverfi og endurheimtir sjálfsvirðinguna þegar hann verður formaður á bát.

Hreiðar gamli, fornþókasalinn í kjallaranum, er nítjándualdar maður. Hann lífði einföldu lífi og gerði ekki aðrar kröfur en að fá að hugsa um köttinn sinn og eiga fyrir salti í grautinn. Milli hans og fjölskyldunnar var djúp vináttu sem var Ormi sérstaklega dýrmæt. Hjá Hreiðari öðlaðist Ormur frið og ró sem ekki var annars staðar að hafa.

Ranúr er besti vinur Orms. Þeir eru býsna ólíkir. Ranúr er fámáll, hægur og rólegur. Hann fylgir alltaf Ormi að málum og þeir standa saman gegnum þykkt og þunnt.

Inga, mamma Ranúrs, vinnur í fiski. Hún er taugaveikluð og tekur töflur og skvettir í sig til að gera lífið bærilegra. Hún er kát og skemmtileg og góður félagi vinanna en hún leitar ráða hjá Ormi og veltir áhyggjum sínum af Ranúr yfir á hann.

Linda Halls er draumadís Orms. Hún er ótrúlega falleg, grönn með koparlitað hár, blá augu og fallegt bros. Það ótrúlega gerist að hún laðast að Ormi en fjölskylda hennar er samnefnari alls þess sem hann fyrirlítur. Pau eru of ólík til þess að samband þeirra blessist og þegar Linda fer í fóstureyðingu er því lokið.

Halla er vinur Orms. Hún er hrein og bein, greind, jákvæð og hjálpsöm. Hún er hrifin af Ormi en dylur tilfinningar sínar vandlega. Ormur særir hana bæði vitandi og óafvitandi, hún tekur nærrí sér að honum finnst hún feit. Halla bregst Ormi aldrei, og hún skilur best hvernig honum líður. Hún er í hópi þeirra „sem alltaf þurfa endilega að sjá það að keisarinn er nakinn.“ (194) Að lokum opnast augu Orms og hann sér að Halla er stúlkán hans.

Aukapersónur eru margar, flestar með sín persónulegu einkenni,

dregnar skýrum dráttum, t.d. skólastjórinn, Svenni sveitó og Óli í sjoppunni, en einnig eru skoplegar persónur sem eru fremur týpur en einstaklingar, eins og „brjálaða konan“, Kistrún í risinu, og leikfimikennarinn „Gummi Gumm“.

Mál og still

Í sögunni skiptast á frásögn Orms í þátíð og dramatísk samtöl í nútíð, sem glæða frásögnina lífi, en einnig kemur fyrir nokkurs konar millistig þar á milli sem lífgar stílinn og eykur fjölbreytni (sjá t.d. símtalið bls. 173–174). Ormur hefur oftast orðið. Málfar hans er litríkt, hann er orðheppinn og fyndinn og hefur geysimikinn orðaforða. Meðal annars bregður hann fyrir sig spakmælum og orðökum sem eru ekki algeng eins og að *skvetta úr skinnosokk „pissa“*, *éta óðs manns skít „láta mjög illa“*, *fá i annan fótinn „fá sér í staupinu“* og — að *vera með á köttinn „vera með á nótunum“* sem er ekki til í orðabókum. Fleiri orð og orðasambönd er ekki að finna í uppsláttarritum eins og *brennivínskjúklingur „brennivínsfleygur“*. Hvað skyldi þá *brún hæna* þýða? En flest orð sem nemendur skilja ekki er að finna orðabókum.

Málfar Orms er blanda af unglingsmáli, sem stundum er gróft eins og strákar temja sér oft á þessum aldri, og myndrænu líkingamáli þar sem mikið ber á persónugervingum. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á fjölbreyttu myndmáli sem ýmist er barnslega einlægt eða svo ýkjukennt að höfundurinn virðist stefna að því vísvitandi að ganga fram af lesendum.

Orðaforði Orms er jafnframt persónulegur, hann notar t. d. sögnina *lepja* í tíma og ótíma og *ofurraunsæi* er nokkurs konar einkunnarorð klíkunnar hans. Samtal Orms við köttinn Brand (86–88) og lýsingin á bílunum (90) eru góð dæmi um persónugervingar.

Endurtekningar með tilbrigðum eru algengar. Það sem Ormi finnst gamaldags miðar hann t. d. við landnámsöld. Náttkjóllinn var „í tísku þegar Ingólfur var að leita að öndvegissúlunum sínum“

(39). Markið var það mikilvægasta sem gerst hafði í Reykjavík „frá því þrælar Ingólfss ráku tærnar í öndvegissúlnar“ (59). Holtsjoppan var búin að vera til „frá því að þrælar Íngólfss fundu þessar vandræða öndvegissúlur“ (96). Leikfimikennarinn fær einkunnina „sálin fagra í líkamanum hrausta“ (94), en Ormur sjálfur var „gjörspilt sál í sjúkum líkama“ (117).

Lýsingar á veðri eru eins og undirspil við sögu Orms: hagl, hríðarmugga, hundakuldi og skafrenningur, rakvélarblöð norðanáttar, snjókornin Norðurþólpoppkorn og fleira í þessum dúr.

Vísanir

Í sögunni eru fjölmargar vísanir í Biblíuna, söguna, kvíkmyndir, tónlist, myndlist og bókmenntir. Nemendur þekkja sjálfsgagt ekki nema lítið brot af þeim persónum sem Ormur nefnir eða þeim verkum sem vísað er til. Ekki er rétt að íþyngja nemendum með miklum útskýringum. Hægt er að fá vitneskju um persónur og verk í Íslensku Alfræðiorðabókinni og öðrum fræðiritum ef áhugi vaknar.

Í Biblíuna eru sóttar ýmsar tilvísanir sem líklegt er að nemendur kannist við, t. d. „að vera spámaður í sínu föðurlandi“, „að kasta perlum fyrir svín“, „að flytja fjöll“ og „að ganga á vatni“. Einnig munu nemendur þekkja margar vísanir í mannkynssöguna og bókmenntir. Ef kennarar sýna *Jörfagleðina* úr *Atómstöðinni*, sem bent er á í tillögum hér á eftir, er rétt að vekja athygli á að „Börn barna verða gæfumenn“ (48) eru orð organistans og lýsingin á „skákmaníökunum sem dvöldu lángtínum saman inní fataskápum og elduðu grátt silfur við skáktölvar“ (55) kallast á við tafl gullhrútarins og frænda hans.

Ýmsar vísanir munu þó líklega fremur skemmta kennurum en nemendum, t.d. samtal Orms og skólastjórans þar sem báðir vitna til orða Gertrude Stein: „a rose is a rose is a rose“.

Hugmyndir um kennslu

Lestur eykur orðaforða, glæðir máltilfinningu, örvar ímyndunarafl og þroskar tilfinningar. Kannanir, sem gerðar hafa verið á lestri unglings á undansförnum árum, benda til þess að þeir lesi mun minna en á árum áður. Kennsla í bókmenntum á grunnskólastigi á m. a. að vekja áhuga á lestri bóka og hvetja unglings til að lesa sér til skemmtunar. Nauðsynlegt er að hafa tiltækt viðbótarefni ef áhugi vaknar. Í skólum sem hafa bókasafn er rétt að biðja safnkennara að tína til bækur um unglingsárin. Til eru fjölmargar þroskasögur pilta frumsamdar og þýddar. Sú sem minnir mest á *Gauragang* er *Bjargvætturinn í grasinu* eftir J. D. Salinger í ágætri þýðingu Flosa Ólafssonar. Því miður eru ekki til jafn margar góðar sögur um ungar stúlkur.

Skáldsagan *Gauragangur* fjallar um líf og reynslu drengs á gelgju-skeiði og á því erindi til unglings sem eru að glíma við svipaðar tilfinningar og söguhetjan. Bókin á einnig erindi til kennara sem hafa gott af að sjá skólann með augum nemenda. Sagan vekur spurningar um unglingsárin, lífið og tilveruna og tengist því persónulegri reynslu hvers og eins. Auðvelt er í kennslu að nýta efni bókarinnar til að þjálfa

- munnlega tjáningu, þar sem vandamál eru krufin til mergjar,
- framsögn, þar sem litlir hópar skiptast á að leiklesa samtöl,
- skapandi ritun, af ýmsu tagi,
- ljóðlist.

Umfjöllun um söguna á að dýpka skilning nemenda á efninu, verkefni eru ekki markmið heldur leið að marki. Hér á eftir fylgja hugmyndir um kennslu og tillögur um efni sem hægt er að vinna munnlega eða skriflega og kennrar og nemendur geta moðað úr.

Stærstur hluti sögunnar gerist um jól og áramót. Heppilegt er að kenna söguna á tímabilinu desember–janúar, þar sem því verður við komið.

Tónlistin úr leikritinu *Gauragangi* er góð viðbót við söguna.

VERKEFNI

Inngangur

UMRÆÐUEFNI: *Ung skáld.*

Margir unglingsar yrkja ljóð og semja sögur. Ólafur Jóhann Sigurðsson og Sjón voru 16 ára þegar fyrsta bók þeirra kom út, Gunnar Gunnarsson og Halldór Laxness 17 ára, Steinunn Sigurðardóttir og Sveinbjörn I. Baldvinsson 19 ára svo að dæmi séu tekin af þekktum höfundum sem gáfu ungir út sína fyrstu bók. Í mörgum skólum gefa nemendur út blöð með ritsmíðum sínum.

Hafa nemendur birt sögur eða ljóð?

Eiga nemendur efni í fórum sínum sem hægt væri að setja í bekkjarblað?

Gauragangur

Í bókinni er ekki efnisyfirlit. Til þess að fá yfirlit um efni bókarinnar geta nemendur gefið köflunum nafn og skráð hjá sér um leið og lesið er. Dæmi:

1. kafli — Fundur í skemmtinefnd.

2. kafli — Skrópað í skóla.

Kafla sem gerast á sama degi má tengja saman.

Kaflar 1–7

Kynning aðstæðna

Uppdráttur af sögusviði þar sem persónur eru settar inn um leið og þær eru kynntar til sögunnar.

Kafla 2.

AF SNÆLDU . „Þeir deyja ungir sem guðirnir elska.“

Kafla 4.

ÍTAREFNI: *Ljóðið „Söknudur“*.

Kristinn E. Andrésson segir kvæðið „Söknud“ „meðal fegurstu gimsteina íslenzkra ljóða. — seiðsterkast og mest kvæða Jóhanns . . . , þar sem fyrirheit æskunnar, ljúfsár minning og vonbrigði fullorðinsárranna eins og falla í samfelldan tregaþrunginn straum.“ (Íslenzkar nútímarókmenntir, Mál og menning, Rv., 1949.)

FRAMSÖGN: „Hótel Jörð“ *Ljóðspor*, 159, flutt af „móður“ Orms.

Kafli 5.

AF SNÆLDU. „Margur verður af aurum api.“

Kafli 6.

AF SNÆLDU. „Eldur í nefi skólastjórans“ og „Ský í buxum“.

Það á vel við að gefa Ormi *Ský í buxum*. Höfundurinn Majakovskí tilheyrði fútúristunum, en þeir voru ofstækisfullir listamenn í Moskvu sem vildu láta gamlar hefðir lönd og leið og hleyptu öllu í bál og brand í listalífi borgarinnar. Upphaf kvæðisins er á þessa leið:

Ef þið óskið,
skal ég ærast af hráu kjöti
— og, eins og himinninn skiptir blæ —
skal ég, ef þið óskið —
verða óaðfinnanlega mildur,
ekki karlmaður, heldur — ský í buxum!

Ormur vísar seinna í ljóðið. Ranúr „lét eins og ég væri ský í buxum.“ (56)

UMRÆÐUEFNI:

- Hvernig strákur er Ormur?
- Hvernig er skólinn?
- Hvernig er fjólskylda Orms?
- Hvers vegna stelur Ormur bjór frá pabba sínum?
- Skólanum og fjólskyldunni er lýst frá sjónarhlí Orms. Ætli þetta sé rétt mynd?

Nemendur ræða spurningarnar í litlum hópum, skrá svörin og bera loks saman bækur sínar.

Kafli 10.

ÍTAREFNI: *Ljóðspeglar*, „Gelgjuskeið“ eftir Dag Sigurðarson, 102. „Eftir dansleik“ eftir Jón Thoroddsen, 112, „Er ástin sníkjuplanta“ eftir Einar Ólafsson, 115 og „kvöldin eru kaldlynd“ eftir Megas, 138.

Kafli 12.

UMRÆÐUEFPNI:

- Hverjar eru hefðir í veislum heilbrigðra ungmenna samkvæmt lýsingu Orms?
- Er lýsingin raunsæ?

Til samanburðar er hægt að sýna veislur á myndböndum, t. d. úr „Atómstöðinni“ eða „Ekki ég kannski þú“, Námsgagnastofnun.

Kafli 13.

AF SNÆLDU. „Rómeó og Júlía.“

Kafli 19.

FRAMSÖGN: Samtal Orms og Brands.

ÍTAREFNI: „Á afmæli kattarins“ eftir Jón Helgason. Upplestur höfundar er til á hljómplötu. „Kvæði um köttinn Pangúr Ban“, írskt kvæði frá 8. eða 9. öld, þýtt af Jóni Helgasyni.

Kafli 22.

AF SNÆLDU. „Hreystikallið.“

UMRÆÐUEFPNI:

- Hvers vegna er sumum svo illa við leikfimi?
- Er persónan Gummi Gumm einstaklingur eða týpa?

Kafli 26.

AF SNÆLDU. „Er hann sá rétti?“

Kaflar 28 og 29.

AF SNÆLDU. „Komdu til Raf.“

UMRÆÐUEFPNI:

- Er erfitt að skrifa ritgerðir?
- Dæmi um góð ritgerðarefni.

- Hvers vegna skrifar Ormur ekki skárrí ritgerðir?
- Hvernig átti kennarinn að bregðast við?
- Ritgerð sem Arnór gaf 9.

Kafli 31.

AF SNÆLDU. „Málum bæinn rauðan.“

Kafli 34.

AF SNÆLDU. „Vísnagaman.“

UMRÆÐUEFNI:

- Bruggað í bílskúr.

Kafli 35

ÍTAREFNI: *Ljóðspeglar*, „Dans stöðumælanna á regnvotu strætinu“ eftir Einar Ólafsson, 137. *Ljóðspor*, „bjartsýni“ eftir Ólaf Hauk Símonarson, 149. „Reykjavíkurljóð“ eftir Ísak Harðarson úr *Priggja orða nafn*.

Kaflar 36 og 37.

ÍTAREFNI: „Geirvörtur“ eftir Dag Sigurðarson úr ljóðabókinni *Rög-málmur og grásilfur*, sem Ormur gaf Lindu í jólajöf.

UMRÆÐUEFNI:

- Er vandræðalegt að kaupa verjur?

Kaflar 40–42.

AF SNÆLDU. „Skál fyrir Þorláki.“

ÍTAREFNI: *Ljóðspor*, „Dagur fyrir jól“ eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson.

UMRÆÐUEFNI:

- Er í lagi að stela úr búðum?
- Er e. t. v. vitlegra að hver kaupí jólagjafir handa sjálfum sér í stað þess að kaupa handa öðrum?
- Skötuát á Þorláksmessu.

Þorlákur Þórhallsson, Skálholtsbiskup, verndardýrlingur Íslands í katólskum sið, andaðist 23. desember árið 1193. Fiskát á Þorláksmessu kann að vera leifar af katólskri föstu. Skötuát tíðkaðist um

vestanvert landið sérstaklega á Vestfjörðum og þótti gott að hafa brennivínsstaup með og vel við hæfi, þar sem tiðkaðist að heita á Þorlák til að örgerð heppnaðist. Siðurinn hefur borist um landið með Vestfirðingum.

Kaflar 43–44 og 50–55.

AF SNÆLDU. „Svik og tryggð.“

ÍTAREFNI: „Jól“ eftir Stein Steinarr úr ljóðabókinni *Ferð án fyrirheits* og dæmigerð jólaljóð til mótvægis. „Á nýjársdag 1845“ eftir Jónas Hallgrímsson. Ormur samsamar sig í sögunni báðum þessum skáldum.

UMRÆÐUEFNI:

— Hefðir um jól og áramót.

— Hugleiðing um tímann kl. 12 á gamlárskvöld.

Kaflar 47–50.

ÍTAREFNI: „Fyrsta lyfting míن“ úr *Oftitanum* eftir Pórberg Þórðarson.

Ormur á bækur Þórbergs (19) og hefur því líklega lesið þessa fyndnu frásögn af fyrstu kynlífstreynslunni sem er ágætt mótvægi við hástemmdar lýsingar annarra.

Kaflar 56–61.

UMRÆÐUEFNI:

— Samræmd próf. Eru þau jákvæð/neikvæð, — nauðsynleg/óþörf?

Hér gætu vaknað spurningar um sjúkrapróf, en þau hafa aldrei tíðkast. Einnig er Ormur, og þá sennilega einnig félagar hans, ári eldri en nemendur eru við lok grunnskóla.

Kaflar 62–65.

AF SNÆLDU. „Ógleði“ og „Óskalag sjómanna.“

UMRÆÐUEFNI:

— Hvernig er að vera sjómaður?

— Er gott ráð við skólaleiða að hætta í skóla og fara að vinna?

Kaflar 65–68.

AF MYNDBANDI „Móðir míni í kvíkví“ úr *Atómstöðinni*.

ÍTAREFNI: „Móðir míni í kví kví“ úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar og „Móðir míni í blokk, blokk“ eftir Gunnar Harðarson, *Tröllasögur*, Bjartur, 1991.

UMRÆÐUEFNI:

— Fóstureyðing, rök með og á móti.

Kaflar 69–73.

UMRÆÐUEFNI:

— Niðurstaða. Hvað hefur Ormur lært?

Hópverkefni

AF SNÆLDU. „Algjör ormur“.

PERSÓNULÝSINGAR

Skrá yfir helstu persónur sögunnar ásamt stuttri lýsingu. Nemendur geta skipt með sér verkum, unnið einir, tveir saman eða í litlum hópum. Allir lýsa aðalpersónunni. Hægt er að lýsa Ormi

— frá eigin brjósti

— eins og hann lýsir sér sjálfur í sögunni,

— eins og hann gæti komið öðrum sögupersónum fyrir sjónir, t. d. Lindu, skólastjóranum, pabba, Gunnfríði o. fl. sbr. bls. 237.

Að auki gætu nemendur valið einn fjölskyldumeðlim, einn vin og eina aukapersónu og skipst síðan á verkefnum.

BEKKJARBLAÐ

Að lokum væri gaman að gefa út bekkjarblað með frumsömdu efni nemenda, ljóðum, leikþáttum eða frásögnum í máli og myndum, um skólann, lífið og tilveruna.

07630